



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P /39/2326
komudagur 6. 5. 2011

Reykjavík, 6. maí 2011

R11040083

175

ÖS/jb

Alþingi - nefndasvið

Við Austurvöll
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum

Á fundi borgarráðs 5. þ.m. var lagt fram bréf borgarlögmans frá 4. þ.m. ásamt umsögn menntaráðs um frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum.

Umsögn menntaráðs sem fylgir í ljósriti var kynnt fyrir borgarráði.

Örn Sigurðsson
e.u.



Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Reykjavík, 4. maí 2011
R11040083
175
EKG

Borgarráð

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 – 747. mál.

Reykjavíkurborg barst til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis 26. apríl sl., frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (bættur réttur nemenda o.fl.). Óskað var umsagnar menntasviðs og er hún hér með send borgarráði til kynningar. Í framhaldinu verður umsögn menntasviðs send menntamálanefnd Alþingis.

Kristbjörg Stephensen

Hjálagt:
Umsögn menntasviðs dags. 4. maí 2011.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Málsnr.: R 11040083
Skjalasafn Ráðhúss
04 MAI 2011

Bréfalykill:

Reykjavík, 4. maí 2011
MSR2011040094
90.6
RB/et

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum

Með bréfi, dags. 26. apríl sl. sendi menntamálanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið er til 9. maí nk. Undirritaður hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Almennt um frumvarpið

Almennt telur Menntasvið að hér sé verið að leggja til breytingar sem bæta núverandi grunnskólalög og auðvelda sameiginlegan skilning allra. Ekki verður séð að þær leiði til kostnaðarauka fyrir Reykjavíkurborg.

Misbrestur hefur verið á skólagöngu barna sem vistuð eru í öðrum sveitarfélögum á vegum barnaverndar, þar af leiðandi er það mjög til bóta að aðstæður til skólagöngu séu kannaðar áður en til vistunar kemur.

Ákvæði um þjónustusamninga sjálfstætt rekinna skóla eru í samræmi við samþykkt menntaráðs. Ekki liggja nægjanleg rök fyrir þeirri ákvörðun að tímabinda þjónustusamninga við sjö ára hámark.

Menntasvið telur mikilvægt að lagalegur réttur grunnskólanemenda til að stunda nám í framhaldsskóla jafnhliða grunnskólanámi sé virtur og lýsir því yfir vonbrigðum með að frestað sé rétti þeirra til að stunda nám í framhaldsskóla samhliða námi í grunnskóla.

Menntasvið lýsir ánægju sinni með ákvæði frumvarpsins er taka til mótunar heildstæðrar stefnu til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi. Ef ráðuneyti menntamála verður falið ótvíræð heimild til að fjalla um ábyrgð aðila skólasamfélagsins á því að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag verður að vinna eftir verklagi sem unnið er í samstarfi við sveitarfélög.

Menntasvið gerir eftirfarandi athugasemdir við eftirtaldar greinar frumvarpsins:

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild til að sækja um til mennta- og menningarmálaráðuneytisins tímabundna heimild til undanþágu frá því að skólaráð starfi við grunnskóla. Menntasvið telur



Reykjavíkurborg
Menntasvið

að sérstaða einstakra skóla sé slík að eðlilegt sé að veita heimildina ótímabundið. Sem dæmi um slíkan skóla má nefna Brúarskóla í Reykjavík, þar sem allir nemendur dvelja tímabundið og er því hvorki hægt að velja foreldra né nemendur til setu í skólaráðinu.

Um 6. gr.

Í 1. mál. 2. mgr. segir: „Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.“ Óljóst er hvað átt er við með orðalaginu „samskipti barna þeirra“.

Í 4. mál. 3. mgr. segir, að í skólareglum skuli m.a. kveðið á um „ástundun náms“ en réttara væri að tala um „skólasókn“.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um tímabundna heimild til að veita undanþágu frá því að nemendaverndarráð sé starfandi í grunnskólum. Menntasvið telur eðlilegt að nemendaverndarráð sé starfandi í öllum grunnskólum til að tryggja jafnræði og réttindi nemenda.

Virðingarfyllst

Ragnar Þorsteinsson
fræðslustjóri